

skyldu til að greiða, fyrr en handhafi sagði til sín. Gegn mót-mælum gerðarþola er ekki sannað, að hann hafi vitað eða mátt vita um handhöfn veðskuldabréfanna, fyrr en bréf lögmanns gerðarbeiðanda, dagsett 29. mars 1978, var komið til hans, en þá greiddi gerðarþoli strax hinar áföllnu afborganir og vexti. Verður því að telja, að yfirlýsing gerðarbeiðanda um eindögun allra veðskuldanna hafi verið staðlaus svo og hin síðar fram komna uppboðsbeiðni á þeim grundvelli.

Er synjað um framgang uppboðs, og verður málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu lagður á gerðarbeiðanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 80.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð nær ekki fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Hans Kristinsson, Akraseli 34, greiði gerðarþola, Gunnari Einarssyni, Engjavegi 59, kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. desember 1980.

Nr. 245/1980. Ákærvaldið

gegn

Sigurði Erni Ingólfssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 16. s. m. Greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnar-

aðilja barst Hæstarétti 17. þ. m. og einnig greinargerð ríkissaksóknara.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst réttargæslumaðurinn þess, að honum verði dæmd þóknun úr ríkissjóði vegna flutnings máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari krefst þess, að varnaraðilja verði meinuð för af landinu til 1. apríl 1981, svo sem upphaflega var krafist af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 10. nóvember sl., en öðrum meðkærðu hafi verið gert að sæta farbanni til þess dags.

Svo sem í hinum kærða úrskurði getur, er varnaraðili kærður fyrir fjársvik, sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk þess sem grunur leikur á, að hann kunni að hafa átt þátt í skjalafalsbroti, sbr. 155. gr. sömu laga.

Ákæra hefur ekki verið gefin út á hendur varnaraðilja vegna brota þeirra, sem hann er kærður fyrir, en rannsóknargögn voru send ríkissaksóknara til ákvörðunar 6. f. m.

Rannsókn í máli varnaraðilja er viðamikil, og þörf kann að vera frekari rannsóknar og nærveru hans.

Ber að svo vöxnu máli að taka til greina kröfu um að meina varnaraðilja brottför af landinu allt til 1. apríl 1981, sbr. 72. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Í greinargerð skipaðs réttargæslumanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, er farið óviðurkvæmilegum orðum um rannsóknarlögreglumenn og þeir bornir örökstuddum sökum um að hafa eigi farið að lögum við kröfugerð í máli þessu. Ber að átélja hæstaréttarlögmanninn fyrir ummæli þessi og ásakanir.

D ó m s o r ð:

Varnaraðilja, Sigurði Erni Ingólfssyni, er óheimil brottför af landinu allt til 1. apríl 1981.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1980.

Ár 1980, föstudaginn 12. desember, var á dómþingi sakadóms

Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Sigurður Örn Ingólfsson, fæddur 7. júlí 1935, sat í gæsluvarðhaldi frá 4. júlí 1980 til 20. ágúst 1980 samkvæmt fimm úrskurðum sakadóms Reykjavíkur. Í greinargerð, sem fylgdi kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins 1. ágúst 1980 um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar hans, er sakarefninu lýst þannig:

„RLR mál nr. 1360/80.

Þann 8. maí s.l. barst RLR kæra Jóns Sveinssonar, hdl., f. h. Hauks Ármannssonar, Stillholti 14, Akranesi, vegna ætlaðra fjárvika Edvars Lövdahl. Málsatvik eru í stuttu máli þessi:

Þann 25. apríl s.l. seldi Haukur Ármannsson Edvardi Lövdahl bifreið sína af gerðinni Toyota Cressida, station, árgerð 1978, með skráningarnúmerinu E-93. Umsamið kaupverð var kr. 5.900.000, og skyldi það greiðast með þremur víxlum að upphæð 1.500 þúsund kr. með gjalddaga 5/5 1980, kr. 2.200.000 með gjalddaga 15/6 1980 og kr. 2.200.000 með gjalddaga 15/7 1980. Víxlarnir voru allir samþykktir af fyrirtækinu Kambi h.f. pr. pr. Kambur h.f. Óskar G. Hansson, P. O. box 5524, Reykjavík, og útgefnir af kaupanda Edvardi Lövdahl, Kríuhólum 2, Reykjavík, og framseldir af sama og ábektir af Erni Ingólfssyni. Fyrsti víxillinn, sem gjaldféll 5/5 s.l., var afsagður sökum greiðslufalls í Reykjavík. Svo sem gögn málsins bera með sér, gengu kaup þessi til baka, en skaðabótakröfu Hauks Ármannssonar að fjárhæð kr. 418.205 hefur Edvard Lövdahl alfarið vísað á bug. Óskar G. Hansson samþykkti víxla f. h. Kambs h.f., samtals að fjárhæð kr. 40 milljónir, auk víxla að fjárhæð kr. 20 milljónir persónulega, sem lofað var, að yrðu stimplaðir af fyrirtækinu síðar. Þess skal getið, að Óskar hefur borið, að hann hafi átt að fá starf við fyrirtækið Kamb h.f. og hafi það verið forsendan fyrir því, að hann féllst á að rita nafn sitt á víxla þessa. Ekki er vitað, hvort fleiri víxlar en taldir voru hér að framan hafi farið í umferð, en kærðu Edvard Lövdahl og Örn Ingólfsson segja svo ekki vera. Ekki hefur reynst unnt að kanna, hvort staðhæfing kærðu um þetta atriði sé rétt.

RLR mál nr. 1805/80.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra Steingríms Þórissonar á hendur Erni Ingólfssyni fyrir fjárvik. Telur Steingrímur, að kærði hafi vélað hann til að kaupa borstól, sem hafi

verið ónýtur og ónothæfur. Kaupverðið var kr. 16.8 milljónir, sem greitt var með 48 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 350.000. Í ljós hefur komið, að nokkrum vikum áður hafði Örn Ingólfsson fengið umræddan bor upp í bílaviðskipti, og var hann metinn á u. þ. b. 3 milljónir kr. Kærði hefur alfarið neitað að hafa beitt svikum í þessum viðskiptum.

RLR mál nr. 1931/80.

Svo sem málsatvik bera með sér í máli nr. 1537/80, rakti RLR feril vara til Ágústs Salómónssonar á Ísafirði. Hann skýrði svo frá, að kærðu Edvard Lövdahl og Örn Ingólfsson hafi vélað sig, drukinn, til að taka í umboðssölu ýmsan varning gegn víxlum að fjárhæð samtals um 25 milljónir króna. Víxlar þessir hafi átt að vera til tryggingar því, að varningurinn seldist, og skyldi þeim skilað, ef svo færi, að varningurinn seldist ekki. Honum hafi þó tekist að fá víxlana til baka, en enn hefur ekki verið skilað víxlum að fjárhæð um 1.4 milljónir króna. Kærðu hafa viðurkennt að hafa staðið að þessum viðskiptum, en hvor um sig segist aðeins hafa verið hinum til aðstoðar eða milligöngumaður. Kærðu eru grunaðir um að hafa útbúið stimpla með nafninu Ágúst Salómónsson heildverslun, án samráðs við Ágúst og stimplað síðan víxlana til þess að gera þá auðseljanlegri. Voru víxlarnir síðan notaðir í bílaviðskiptum. Fram hefur komið í málinu, að kærðu seldu þennan sama varning þeim Jóhanni Ósland Jóseppssyni og Guðmundi Ársælssyni, en kaup þeirra við Ágúst Salómónsson gengu til baka, og voru víxlar að fjárhæð kr. 23 milljónir og 640 þúsund, sem Ágúst Salómónsson hafði samþykkt, rifnir á flugvellinum á Ísafirði, svo sem nánar greinir frá í gögnum málsins. Rannsókn hefur þó leitt í ljós, að Ágúst Salómónsson mun hafa skrifað upp á fleiri víxla en í fyrstu var talið, og ekki er vitað, um hve háa fjárhæð þar er að ræða. Vitað er um víxla í umferð að fjárhæð 3 milljónir kr. umfram þær 23 milljónir og 560 þúsund kr., sem áður er getið og voru rifnir.

Við skýrslutöku af þeim Jóhanni Ósland Jóseppssyni og Guðmundi Ársælssyni, sem sóttir voru til Kaupmannahafnar, kom einnig fram, að þeir höfðu í sameiningu keypt vélar í síldarverksmiðjunni í Djúpuvík af þeim Erni Ingólfssyni og Edvard Lövdahl fyrir 130 milljónir króna. Kaupverðið var greitt með víxlum, og telur Jóhann Ósland, að hann hafi gefið þá alla út, en Guðmundur Ársælsson samþykkt þá alla. Við húsleit, sem fram fór á heimili Edvards Lövdahl að Hörpugötu 12, Reykjavík, fannst

61 víxill að fjárhæð samtals kr. 65.650.000 undir rúmdínu. Víxlar þessir eru vegna vélakaupanna í síldarverksmiðjunni í Djúpuvík. Mjög mikið misræmi er í framburðum kærðu Arnar Ingólfssonar og Edvards Lövdahl um tilhögun þessara viðskipta, og ber brýna nauðsyn til að rannsaka það mál betur. Örn Ingólfsson bar það fyrir dómi þann 18. júlí s.l., að hann hefði rifið alla víxla vegna vélakaupanna í Djúpuvíkurverksmiðjunni, og þrátt fyrir að honum hafi verið bent á, að Edvard Lövdahl hefði aðra sögu að segja, breytti hann ekki framburði sínum um þetta atriði. Svo sem áður greinir, fannst 61 víxill í rúmi Edvards Lövdahl, og talið er, að Örn Ingólfsson hafi sjálfur sett í umferð a. m. k. 4 víxla að fjárhæð kr. 2.4 milljónir, en Rannsóknarlögreglu ríkisins hafa borist ljósrit tveggja þessara víxla, samtals að fjárhæð um 1.550 þúsund kr.

RLR mál nr. 1939/80.

Við yfirheyrslu vegna máls RLR nr. 1537/80 yfir Arngrími Pálmasynti kom fram, að hann taldi sig hafa verið gróflega svikinn í viðskiptum við Edvard Lövdahl og Örn Ingólfsson. Ber Arngrímur, að hann hafi selt þeim Edvard og Erni Ingólfssyni Chevrolet station bifreiðina, F-464, sem verðmetin var á 2.5 milljónir kr., og fengið greitt með skartgripum, sem þeir sögðu vera að verðmæti sömu upphæðar, en í ljós hafi komið, að verðmæti skartgripanna hafi aðeins verið um kr. 265.000 eða þar um bil. Kannast hvorugur við að hafa sjálfur staðið að þessum viðskiptum, en vísa hvor á annan um það atriði, en hins vegar var bifreiðin strax seld aftur Óskari G. Hanssyni í Vestmannaeyjum fyrir kr. 4.350.000 í víxlum.“

Engin veruleg breyting hefur orðið á sakarefni frá 1. ágúst sl., er því var lýst á framangreindan hátt.

Kærða var sleppt úr gæsluvarðhaldi 20. ágúst 1980. Eigi var þá gerð krafa af hálfu ákærvaldsins um, að honum yrði meinuð för af landinu. Hinn 6. nóvember 1980 var mál hans sent ríkissaksóknara til ákvörðunar. Með skriflegri kröfugerð rannsóknarlögreglu ríkisins 10. nóvember 1980 var þess krafist, að saka-dómur legði farbann á kærða og meinaði honum för af landinu allt til 1. apríl 1981. Í greinargerð ríkissaksóknara 13. nóvember 1980 segir, að tekið sé undir kröfu rannsóknarlögreglunnar, „og þá í þeirri mynd, að dómari leggi fyrir kærða samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 að halda sig hér á landi og innan íslenskrar lögsögu fyrst um sinn og þar til mál ákærða verður tek-

ið fyrir á ný og annað ákveðið.“ Í greinargerð skipaðs réttargæslumanns kærða, dagsettri 13. nóvember, var þess krafist, að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins yrði hrundið.

Með ákvörðun sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1980 var kærða með tilvísun til 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála meinuð brottför af Íslandi allt til 1. mars 1981 eða þar til annað yrði ákveðið.

Sigurður Örn Ingólfsson kærði ofangreinda ákvörðun til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Dómur gekk í málinu 4. desember 1980. Var dómsorðið svolhljóðandi: „Kærumáli þessu er vísað heim í hérað, og ber dómara að kveða upp rökstuddan úrskurð um framangreinda kröfu.“

Með bréfum sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1980 var skipuðum réttargæslumanni kærða, ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu ríkisins gefinn kostur á því að koma nýjum gögnum á framfæri við dóminn. Í greinargerð réttargæslumanns kærða 10. desember var þess krafist, að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um farbann á Sigurð Örn Ingólfsson yrði hrundið. Jafnframt krafðist réttargæslumaðurinn þóknunar vegna þessa þáttar málsins. Með bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins 11. desember sl. voru ítrekaðar þær kröfur, sem hafðar voru uppi í málinu þann 10. nóvember 1980. Engin ný gögn bárust frá ríkissaksóknara.

Krafa rannsóknarlögreglu ríkisins var lögð fram með vísan til 8. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 9. gr. laga nr. 107/1976 og 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976 um framhaldsrannsókn. Eins og áður greinir, var tekið undir kröfuna af hálfu ríkissaksóknara

Mál kærða er flókið og umfangsmikið. Ósamræmi er mikið í framburði kærða og annarra, sem tengjast máli hans. Ákvörðunar ákæruvaldsins um áframhaldandi meðferð málsins er eigi að vænta fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Fjarvist kærða kæmi ekki aðeins í veg fyrir áframhaldandi meðferð á máli hans, heldur kynni hún að horfa til málsþjalla í þeim málum, sem tengjast máli kærða. Er því rétt samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74/1974 að meina kærða för af Íslandi í ákveðinn tíma. Ákveðst sá tími til 1. mars 1981.

Málskostnaður verður ekki dæmdur á þessu stigi málsins.

Úrskurðarorð:

Sigurði Erni Ingólfssyni er meinuð för af Íslandi fram til 1. mars 1981.